

Sjónarmið ungs fólks varðandi nám án aðgreiningar

Fyrirspurnarþing á Evrópuþinginu
Brussel, nóvember 2011



Sjónarmið ungs fólks varðandi nám án aðgreiningar

**Fyrirspurnarþing á Evrópuþinginu
Brussel, nóvember 2011**



Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu er sjálfstæð stofnun sem nýtur stuðnings aðildarlanda sinna og stofnana Evrópusambandsins (framkvæmdastjórnar og þings).

Skoðanir sem höfundar láta hér í ljós eru ekki opinberar skoðanir Evrópumiðstöðvarinnar, aðildarlanda hennar eða framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin ber ekki ábyrgð á því hvernig efni þessarar skýrslu kann að verða notað.

Ritstjóri: Victoria Soriano, Evrópumiðstöðinni fyrir þróun í sérkennslu.

Leyfilegt er að nota útdrætti úr skýrslunni að því tilskildu að heimildar sé greinilega getið. Vísa skal til skýrslunnar á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu (2012) *Sjónarmið ungs fólks varðandi nám án aðgreiningar*. Óðinsvé, Danmörku: Evrópumiðstöðin fyrir þróun í sérkennslu.

Skýrslan er fáanlega á rafrænu formi og á allt að 21 tungumáli til að upplýsingarnar séu aðgengilegar fyrir sem flesta. Rafrænar útgáfur þessarar skýrslu eru fáanlegar á vefsvæði Evrópumiðstöðvarinnar: www.european-agency.org

ISBN: 978-87-7110-397-7 (rafræn útg.)

ISBN: 978-87-7110-375-5 (prentuð útg.)

© European Agency for Development in Special Needs Education 2012

Secretariat
Østre Stationsvej 33
DK-5000 Odense C Denmark
Sími: +45 64 41 00 20
secretariat@european-agency.org

Brussels Office
3 Avenue Palmerston
BE-1000 Brussels, Belgium
Sími: +32 2 280 33 59
brussels.office@european-agency.org

www.european-agency.org



Education and Culture DG

Lifelong Learning Programme

Aðalskrifstofa framkvæmdastjórnar ESB á sviði mennta- og menningarmála styrkti gerð þessarar skýrslu: http://ec.europa.eu/dgs/education_culture/index_en.htm



EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	5
INNGANGUR.....	7
FRAMLAG UNGU FULLTRÚANNA.....	11
Í hverju felst nám án aðgreiningar að þínu álitu?	11
Getur þú lýst því hvernig nám án aðgreiningar fer fram, eða ætti að fara, fram í daglegu starfi í skólanum þínum?	14
Hverjir eru, að þínu mati, helstu kostir og gallar sem fylgja, eða gætu fylgt, námi án aðgreiningar fyrir þig sem nemanda?	21
Athugasemdir og tillögur	29
LITID TIL FORTÍÐAR OG FRAMTÍÐAR	33
FULLTRÚAR Á FYRIRSPURNARÞINGI EVRÓPUÞINGSINS 2011.....	36



FORMÁLI

Í nóvember 2011 veittist Evrópumiðstöðinni fyrir þróun í sérkennslu enn á ný sú ánægja og heiður að skipuleggja fyrirspurnarþing. Það fór fram í Evrópuþinginu í Brussel með þátttöku ungs fólks – bæði fatlaðra og ófatlaðra einstaklinga með/án sérþarfa – sem stundar framhaldsskólanám eða er í starfsnámi, og umfjöllunarefnið var nám án aðgreiningar.

Þetta var í þriðja sinn sem Evrópumiðstöðin stóð að fyrirspurnarþingi af þessu tagi. Fyrsta þingið sem kallaðist „Fyrirspurnarþing fyrir ungmenni með sérþarfir í námi“ fór fram hjá Evrópuþinginu í Brussel árið 2003 með þátttöku sendinefnda frá 23 löndum. Það var haldið með styrk frá menntamálaráðuneytum viðkomandi landa og framkvæmdastjórn ESB sem aðalviðburðurinn í tilefni af ári fatlaðra í Evrópu. Næsta þing, „Ungar raddir: Til móts við fjölbreytni meðal nemenda“, fór fram í Lissabon árið 2007 þegar Portúgalir gegndu formennsku í Evrópusambandinu. Sendinefndir frá 29 löndum mættu þá til þátttöku.

Öll aðildarlönd Evrópumiðstöðvarinnar stóðu að undirbúningi þingsins árið 2011 og áttu öll fulltrúa meðal þeirra 88 ungmenna sem mættu til þátttöku, en sendinefndirnar voru 31 talsins.

Fyrirspurnarþingið var haldið í því skyni að skipuleggjendur þess og gestir þeirra fengju að heyra sjónarmið unga fólksins, og gerðu sér grein fyrir þeim framförum sem átt hefðu sér stað varðandi nám án aðgreiningar í viðkomandi löndum síðan síðasta fyrirspurnarþing var haldið árið 2007.

Allir nemendurnir gátu út frá eigin reynslu bent á brýn atriði í tengslum við útfærslu á námi án aðgreiningar, sem og þá kosti og galla sem því fylgja. Í umræðunum sem fram fóru var hvað eftir annað minnst á hve mikilvægt það væri að geta stundað nám án aðgreiningar; það er augljóslega sameiginleg skoðun unga fólksins.

Við þökkum öllum aðildarlöndunum þann dýrmæta stuðning sem þau veittu okkur bæði fyrir og eftir þinghaldið og meðan á því stóð. Embættismennirnir, sem voru viðstaddir setningu og slit þingsins og stjórnðu lokaumræðum ungu fulltrúanna, fá einnig bestu þakkir: Milan Zver, fulltrúi á Evrópuþinginu; Harald Hartung og Ana Magraner, í framkvæmdastjórn ESB; Jerzy Barski, talsmaður



Pólverja sem gegna nú formennsku í Evrópusambandinu; Emilia Wojdyla, óstoðarmenntamálaráðherra Póll ands; Aleksandra Posarac frá Alþjóðabankanum og Kari Brustad frá menntamálaráðuneyti Noregs.

En fyrst og fremst þökkum við öllum ungu sendifulltrúunum fyrir þátttöku þeirra, svo og fjölskyldum þeirra, fylgdarliði, kennurum og stuðningsfulltrúum. Án þeirra hefði ekki verið hægt að halda þetta mikilvæga þing og við munum sjá til þess að sjónarmið þeirra falli ekki í gleysku.

Per Ch. Gunnvall
formaður

Cor J.W. Meijer
framkvæmdastjóri



INNGANGUR

Þann 7. nóvember 2011 kynntu 88 ungmenni í sendinefndum frá 31 landi¹ sjónarmið sín varðandi nám án aðgreiningar á Evrópuþinginu. Þetta var í þriðja sinn sem Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu stóð fyrir slíku þingi á Evrópuvísu. Markmiðið með fyrirspurnarþinginu var að fá ungmenni á aldrinum 14 til 19 ára til að taka enn á ný fullan þátt í umræðum um nám án aðgreiningar. Öllum aðildarlöndum Evrópumíðstöðvarinnar var boðið að tilnefna tvo sendifulltrúa með sérþarfir og/eða fötlun og einn ófatlaðan einstakling sem stunda annaðhvort nám á framhaldsskólastigi eða eru í starfsnámi. Mikilvægt er að taka fram að sendifulltrúarnir sem tilnefndir voru eru með afar mismunandi sérþarfir, en flestir þeirra eru í almennum skólum og tóku þátt í þinginu ásamt skólafélögum sínum.

Markmiðið var að ungmenni hvaðanæva að í Evrópu fengju tækifæri til að láta til sín heyra. Þarna var vettvangur þar sem þau gátu tjáð sig um nám sitt, gert grein fyrir þörfum sínum og nauðsynjum og deilt framtíðaróskum sínum með öðrum. Á þinginu gafst þeim kostur á að segja frá persónulegri reynslu sinni og ræða um hvaða gildi nám án aðgreiningar hefur fyrir þau í daglegu lífi.

Eins og árið 2007 fengu þátttakendurnir sendan spurningalista áður en þingið fór fram til að undirbúa sig og ræða um við skólafélaga sína. Sunnudaginn 6. nóvember var svo ungu sendifulltrúunum skipað niður í sjö vinnuhópa þar sem fjallað var um þessar spurningar, gerðar athugasemdir og settar fram tillögur. Niðurstöður þeirra voru svo dregnar saman í stutt yfirlit sem kynna átti daginn eftir á Evrópuþinginu.

Eftirfarandi spurningar voru til umfjöllunar:

- Í hverju felst nám án aðgreiningar að þínu áliti?
- Getur þú lýst því hvernig nám án aðgreiningar fer fram, eða ætti að fara fram, í daglegu starfi í skólanum þínum? Hvernig er til

¹ Austurríki, Belgíu (flæmsku- og og frönskumælandi hlutar), Bretlandseyjum (Englandi, Norður-Írlandi, Skotlandi og Wales), Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Ítalíu, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Portúgal, Póllandi, Slóveníu, Spáni, Sviss, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.



dæmis bekkurinn samsettur, hvaða námsáætlunum er fylgt, hvers konar stuðningur er í boði, o.s.frv.

- Hverjir eru, að þínu mati, helstu kostir og gallar sem fylgja, eða gætu fylgt, námi án aðgreiningar fyrir þig sem nemandi?
- Eru einhver fleiri atriði sem þú vilt nefna?

Gefið var yfirlit yfir umræður ungu sendifulltrúanna á Evrópuþinginu og þessi skýrsla er byggð á niðurstöðum þeirra umræðna.

Hér á eftir er gerð grein fyrir almennum hugmyndum og málefnum sem ungu fulltrúarnir fjölluðu um og voru sammála um. Eftirtektavert er hve mótuð og greinargóð umfjöllun þeirra var. Því er engin þörf á að „túlka“ það sem þeir sögðu, heldur er einungis vitnað í umsagnir þeirra og tillögur. Hugmyndir og tillögur hópanna eru yfirleitt kynntar án þess að tiltekið sé á hvaða skólastigi (framhaldsskólastigi eða starfsnámi) fulltrúarnir eru, eða hvort þeir séu með/án sérþarfa. Innlegg þeirra eru þess í stað flokkuð samkvæmt þeim svörum sem fengust við spurningunum fjórum hér fyrir framan: í hverju felst nám án aðgreiningar; hvernig fer það fram í daglegu starfi; kostir og gallar; aðrar umsagnir. Orðalag ungu fulltrúanna er notað eftir því sem hægt er; mjög litlar lagfæringar hafa verið gerðar á þeim yfirlýsingum sem þau voru sammála um að setja fram.

Ýmis lykilmálefni bar á góma í umræðum vinnuhópanna. Þar á meðal:

- Að allir eigi rétt á góðri menntun og jöfnum tækifærum til náms;
- Að vinna þurfi gegn mismunun;
- Að veita þurfi stuðning og aðstoð;
- Að útrýma þurfi þeirri fyrirstöðu sem fyrir hendi er í umhverfi, félagslífi og námi;
- Að nám án aðgreiningar geti verið öllum nemendum gagnkvæmur ávinningur.

Auk undirbúningsspurninganna voru allar sendinefndirnar beðnar um að búa til veggspjald sem sýndi hvernig litið er á nám án aðgreiningar í viðkomandi skólum. Alls konar efniviður var notaður í veggspjöldin – hægt var að horfa á þau, snerta og jafnvel hlusta. Veggspjöldin voru síðan til sýnis fyrir utan fundarherbergi Evrópuþingsins meðan fyrirspurnarþingið fór fram og nú má nálgast þau í „veggspjalda“-ritinu



þar sem einnig eru stuttar lýsingar á hverju spjaldi og nánari upplýsingar um sendifulltrúana og skólana þeirra.

Allar upplýsingar um fyrirspurnarþingið 2011 eru á vefsvæði Evrópumíðstöðvarinnar: <http://www.european-agency.org/agency-projects/european-hearing-2011>



FRAMLAG UNGU FULLTRÚANNA

Í hverju felst nám án aðgreiningar að þínu álit?

Ungu fulltrúarnir ræddu um réttindi – réttinn til góðrar menntunar, til að velja og til að njóta jafnréttis og virðingar. Þeir sögðu að nám án aðgreiningar snerist ekki eingöngu um að allir stundi nám á sama stað, heldur um það að eignast vini og eiga góð samskipti við jafnaldra sína.

Þeir bentu á að nám án aðgreiningar kæmi öllum til góða; það skapaði öllum tækifæri til að læra og upplifa það sama. Þeir lögðu áherslu á hið mikilvæga hlutverk sem kennarar þeirra og skólafélagar gegna og ekki síst að nám án aðgreiningar sé fyrsta skrefið í átt að fullri þátttöku í samfélaginu.

Hér eru dæmi um svör þeirra:

Allir eiga sama rétt á að stunda nám. Það eru mannréttindi að stunda nám og geta fengið góða menntun. Ef einhver á við erfiðleika að etja þarf að leiðbeina honum og hjálpa. Allt samfélagið stendur að námi án aðgreiningar: fjölskyldan, skólinn o.s.frv. Þú átt rétt á aðstoð ef þú ert öðruvísi en aðrir, alveg sama hversu mikið öðruvísi þú ert (Dagur).

Nám án aðgreiningar felst í því að vera þátttakandi/stunda nám með öllum hinum. Við erum öll jöfn og við erum mismunandi; við eigum rétt á að velja hvað við viljum gera – námsgreinarnar, hvernig þær eru kenndar (James). Nám án aðgreiningar er nám sem gefur möguleika á að velja það sem maður vill læra (John, Nana-Marie).

Nám án aðgreiningar merkir að allir eru í sama skólanum og í sama bekknum (Fé, Josette, Kanivar). Það er að sitja í kennslustundum í venjulegum skóla; eignast vini, en vera ekki bara að læra á sama stað; allir taka þátt í öllum verkefnum. En það snýst líka um að fá sérkennslu í almennum skólum; eiga möguleika á að sækja suma tíma í litlum hópum með öðrum nemendum með svipaða fötlun og maður sjálfur (Michalis, Andreani, Maria).

Nám án aðgreiningar er fyrir öll börn. Það eiga að vera almennir skólar í grennd við heimili þeirra. Þá eru meiri líkur á að þau hitti fólk úr sama hverfi (Wacław).



Nám án aðgreiningar er að vera í „venjulegum“ bekk og vera „venjulegur“. Allir eru með í öllu. Það er þegar ungur, fatlaður einstaklingur finnur sig velkominn í bekknum og þeir nemendur sem ekki eru með sérþarfir taka tillit til hans. Ef nemendur í „venjulegum“ bekk eru með einhverjar sérþarfir, þurfa t.d. aðstoð táknumálstúlks, þá þarf skólinn að útvega þá aðstoð. Hugmyndin er sú að allir geti verið með (Lise).

Þetta snýst ekki bara um að vera nemandi í almennum skóla; heldur þátttakandi í samfélaginu almennt. Allir fatlaðir einstaklingar eiga rétt á að stunda nám í almennum skóla ef þeir vilja og telja sig geta það. Ef þeir eru ekki færir um það þurfa aðrir valkostir að standa þeim til boða (Jere). Þetta snýst um réttinn til þátttöku, með valkostum, en ávallt um að vera þátttakandi í samfélaginu (Fabian, Pedro, Diogo, Josette).

Nám án aðgreiningar merkir að njóta meiri virðingar, að eiga samskipti við aðra, eignast nýja vini og læra nýja hluti – á öllum sviðum lífsins (Rolands).

Nám án ágreiningar er mjög víðtækt; það snýst ekki bara um góðar einkunnir, það snýst um góð félagsleg tengsl og sambönd. Skóli er meira en lærdómur af bókum – þar myndast félagsleg tengsl. Nám án aðgreiningar nær ekki einungis til skólans heldur alls samfélagsins (Bethany, Gemma, Sophie).

Það kennir okkur að lifa í sátt og samlyndi og sýna öllum virðingu, fötluðum jafnt sem ófötluðum (Emile). Allir hjálpa og styðja hver annan, sama af hvaða kynþætti eða kyni þeir eru og hverjar sérþarfir þeirra eru. Mér finnst meginreglan vera samfélag þar sem allir standa saman (Maria). Það er mikilvægt að við virðum öll hvert annað, jafnvel þótt við séum með sérþarfir eða menning okkar eða trú sé ekki hin sama. Þar lærir fólk um ýmiss konar sérþarfir í skólanum, einkum þær sem eru ósýnilegar (Mathias). Nám án aðgreiningar fjallar ekki bara um fötlun eða raskanir, heldur um ólíka menningarheima, o.s.frv. (Elin).

Allir í skólasamfélaginu verða að sýna hver öðrum virðingu. Að viðurkenna og virða hver annan; það er byrjunin. Í námi án aðgreiningar þurfa aðrir nemendur að leggja sitt af mörkum eins og kennararnir (Barbara, Mirjam, Triin).

Grundvöllurinn fyrir námi án aðgreiningar er skilningur og menntun kennaranna (Sophie og Gemma). Kennarar verða að taka tillit til

sérþarfa hvers og eins og gefa þeim möguleika á að ná markmiðum sínum. Við búum öll yfir hæfileikum – í sameiningu sköpum við betra starfsumhverfi (Klara).

Kennarinn þarf að sinna öllum – nám án aðgreiningar krefst ýmiss konar úrræða, svo sem meiri tíma og peninga, en sérhver nemandi verður að geta aflað sér þeirrar menntunar sem hann vill (Philipp). Nám án aðgreiningar stuðlar að því að auka þá færni sem nemendur búa yfir og hjálpa þeim við það sem þeir eiga í erfiðleikum með (João). Nám án aðgreiningar snýst einnig um að fá það námsefni og búnað sem maður þarf á að halda (Carlo, Melania).

Oft er einblínt á hagnýt atriði (eins og aðgengi), en nám án aðgreiningar er fyrst og fremst huglægt. Allir verða að temja sér þann hugsanahátt að aðeins sé um ýmiss konar hamlanir að ræða, en ekki um mismunun eða aðgreiningu. Kennarar og nemendur eiga mikið starf fyrir höndum við leit að hæfileikum og möguleikum. Að aðgreina nemendur frá öðrum vegna fötlunar skapar fleiri fyrirstöður (Mei Lan).

Nám án aðgreiningar ætti að beinast að því að ryðja hindrunum úr vegi (Wessel). Við þurfum að útrýma hindrunum í sem víðustum skilningi; við þurfum að breyta hugsunarhætti fólks (Jens). Allir eiga rétt á góðri menntun, sumir þurfa meiri stuðning en aðrir, en koma þarf til móts við réttindi allra (Francesco).

Nám án aðgreiningar felst í því að fatlaðir nemendur falli inn í hópinn (Daniel).





Getur þú lýst því hvernig nám án aðgreiningar fer fram, eða ætti að fara, fram í daglegu starfi í skólanum þínum?

Ungu sendifulltrúarnir lýstu námsumhverfi sínu í nokkrum atriðum og gerðu grein fyrir ýmsum áhyggjuefnum.


Svona svöruðu þau:

Í skólanum mínum eru sérstakar námsáætlanir fyrir fatlaða nemendur og sérstakar stofur þar sem þeim er hjálpað. Þar eru aðstoðarmenn með þeim, stundum eru þeir líka í sömu stofu og allir hinir, ef það hentar þeim betur. Það er betra pláss fyrir nemendur í hjólastólum í skólastofunum. Ég er með ADHD (athyglisbrest með ofvirkni) og þarf stundum að fá að fara úr tímum. Þetta eiga aðrir nemendur erfitt með að skilja (Dagur).

Ég held að nemendum finnst þeir vera hluti af hópnum; kennararnir hjálpa okkur, ef þörf krefur, og aðrir nemendur eru líka mjög hjálpsamir (Claudia). Þannig finnst okkur við vera eins og allir hinir (Claudia, Chiara, Yohana). Ég er í framreiðsluskóla; ég er með vinum mínum. Í bekknum mínum er sérstakur stuðningsfulltrúi en hann aðstoðar alla. Stundum verða nemendur líka öfundsjúkir, en það er mjög sjaldgæft (Chiara). Ef þörf krefur eru fatlaðir nemendur stundum teknir út úr bekknum (Yohana).

Nám án aðgreiningar hefst í leikskólanum. Allir ræða saman með reglubundnu millibili (kennarar, foreldrar, nemendur): Er staðan góð eins og hún er? Hvaða hjálp er þörf fyrir? Svo lengi sem öllum finnst hlutirnir í lagi er nemandinn áfram í bekknum. Í upphafi skólaárs er bekkurinn búinn undir það að taka á móti fötluðum nemanda – nemendurnir fá að vita hver fötlun hans er. Í okkar skóla getur fólk fengið að velja hvar það vill vera. Í heimalandi okkar eru félagasamtök sem útvega sérstakt námsefni og upplýsingatæknibúnað. Skólinn getur fengið búnaðinn lánaðan hjá samtökunum og nemendur mega líka fara með hann heim til sín. Þegar þeir hafa ekki lengur þörf fyrir búnaðinn geta aðrir nemendur fengið hann, hvort sem þeir eru í sama skóla eða einhverjum öðrum. Mjög mikilvægt er að fá tæknibúnað sér til hjálpar (Melania, Carlo).

Ég stunda nám í framreiðsluskóla. Í skólanum eru tvær deildir, önnur fyrir fatlaða nemendur en hin fyrir ófatlaða. Ég er með þeim sem eru fatlaðir en vildi óska að ég væri í hinni deildinni með öllum hinum. Mér finnst að nemendur ættu að geta valið sér þann stað sem þeim líður best á. Í heimalandi mínu henta aðstæður í skólum ekki



fötluðum; þeir sem eru í hjólastólum geta ekki stundað nám þar. Stjórnvöld verða að grípa til einhverra ráðstafana. Það er líka skortur á starfsfólki. Áður reyndist þetta mér mjög erfitt; menn urðu að vera sterkir í landinu og fatlaðir menn eru ekki sterkir og ekki hátt skrifaðir, en þetta horfir til betri vegar núna. Mér finnst ég sterkari og kjarkmeiri þegar ég er í skólanum; það er auðveldara fyrir mig að eiga samskipti við hina núna (Artūras).

Ég er í hótél- og framreiðslugéiranum, ég læri að elda mat, bera hann fram, þjóna til borðs o.s.frv. Markmiðið er að fá vinnu á því sviði, en það er erfitt: Það er stundum komið illa fram við fatlaða. Enn er mikilla breytinga þörf. Hefðbundið námsefni getur stundum verið of erfitt fyrir fatlaða nemendur. Kennararnir einblína um of á próf sem haldin eru á landsvísu og taka ekki nægilegt tillit til nemenda sem þarfnast aðstoðar (Stefanos).

Ég er í almennum skóla, í bekk með níu öðrum fötluðum nemendum. Kennararnir sinna bæði okkur og hinum nemendum. Stundum finnst mér ég vera svolítið einangruð því að ég þarf að biðja kennarana um leyfi til að fá að vera með hinum. Ég er bara með hinum nemendum í matmálistímum. Ég fylgi einstaklingsáætlun, sérstakri stundaskrá með sérstöku námsefni (Audrey).

Þegar ég byrjaði í framhaldsskóla gat ég aðeins valið milli tveggja skóla – það var ekki nógu mikið af menntuðu starfsfólki til að kenna fötluðum nemendum. Ég er með tvo góða kennara – fyrst var ég bara með einn, en sá nýi útskýrir núna hlutina betur fyrir mér. Það ætti að vera lyfta í skólanum (Zsófia).

Ég hef stundað nám samkvæmt einstaklingsáætlun og kennararnir hafa fylgt henni í gegnum árin. En núna í nýja skólanum er ég ekki með einstaklingsáætlun og mér gengur mjög vel. En kennararnir hafa ekki fengið neina þjálfun og þurfa fleiri vinnustundir. Í stærðfræðitímum eru 28 nemendur með einn kennara; það vantar starfsfólk. Margir nemendur eru með námsörðugleika. Sú ákvörðun var tekin í skólanum að nemendur mættu aðeins stunda verklegar greinar (t.d. hreingerningar), þeir fá því ekki tækifæri til að læra bóklegar greinar (svo sem stærðfræði o.s.frv.). Það eru of margir í hverjum hópi því að fjárveitingar leyfa ekki minni hópa. Það vantar lyftur (Ingre).

Í skólanum er okkur kennd grunnhæfni. Ég var sett í „skammtíma“ bekk og komst að því að ég gat ekki fengið að læra um barnaumönnun. Mig langar til að læra það sama og allir hinir, jafnvel



Þótt ég fái lægri einkunnir en þeir. Í mínu landi er mikinn stuðning að fá; fólk ætti að fá að stunda þær námsgreinar sem það vill eða ljúka skyldunámi. En það er ekki sanngjarnt að allir njóti ekki sama stuðnings (Leanne).

Ég vissi að ég gat fylgst með í ýmsum greinum og varð að sýna það og sanna fyrir kennurunum – þeir vildu ekki trúna mér; mér var misboðið. Við erum öll mannleg, við eigum öll við vandamál að stríða. Kennararnir hafa allir mismunandi skoðanir, þeir útskýra hlutina á mismunandi hátt – það ruglar mann í ríminu (Roland).

Námið þarf að vera sveigjanlegra í skólanum mínum og byggjast á því sem skiptir nemandann mestu máli. Það er mikilvægt að mega fara úr tímum í smástund, fá smápásur, hafa einhvern stað þar sem hægt er að hvíla sig og slaka á (João).

Ég er í almennum framhaldsskóla. Mér finnst þurfa að breyta kennsluáferðum þar; nota tæknina meira, fá búnað fyrir sjónskerta og annars konar próf (Andreani).

Ég er í sérkennslu. Þar vantar fleiri aðstoðarmanneskjur og það þurfa að vera fleiri nemendur með sams konar hamlanir í sama hópnum. Við ættum að fara í leiki og stunda íþróttir og finna til meira öryggis og ánægju (Michalis).

Við erum í almennum skóla. Við vildum óska að nemendum væri skipt í bekkir eftir því á hvaða námsstigi þeir eru og að það væru fleiri valkostir. Við vildum að fólk með sams konar hömlun gæti verið í sama bekknum (Elmo og Kanivar).


Við erum í sama almenna framhaldsskólanum (Pedro og Fabian). Ég vildi að það væru fleiri fatlaðir í skólanum svo að fólk skildi hvort annað betur (Pedro). Það þarf að gera endurbætur á matsalnum. Mig langar að læra meira og betur (Fabian).

Ég er í almennum framhaldsskóla. Skólinn ætti að laga sig að aðstæðum og kennararnir ættu að vera betur undirbúnir (Aure).

Ég er í almennum framhaldsskóla. Mér finnst að það eigi að vera fleiri fatlaðir nemendur í skólum til að aðrir eigi auðveldara með að skilja þá; það er enginn í mínum skóla (Fé).

Við erum í almennum skóla (Sam og Charlotte).

Það er mikilvægt að fá stuðning við námið. En kennararnir eru strangir og taka ákvarðanir án þess að spyrja mann. Öflug deild þar



sem veittur er stuðningur kemur sér vel, en er ekki að öllu leyti góður kostur (Sam).

Ég er í sérskóla og mér finnst það í lagi. Það þurfa að vera lyftur í skólunum – þær vantar víða (Jere).

Ég geng í menntaskóla. Ég er með frábæra kennara og ég veit ekki hvað væri hægt að gera betur (Maria).

Við erum í almennum framhaldsskóla. Skólinn útvegar táknmálstúlka, þar eru lyftur og ljósmerki sem sýna hvenær það eru frímínútur. Það þarf að nýta tæknina betur og hugarfar kennara og nemenda þarf að breytast (Diogo og Josette).

Það var einn nemandi með sérþarfir í bekknum mínum og honum leið ekki vel þar („hann lærði ekki neitt“), en ég á vin í framhaldsskólanum sem ég er í og honum finnst nám án aðgreiningar reynast sér mjög vel. Í bekknum mínum er kennari og aðstoðarmaður. Sá síðarnefndi er mjög hjálpsamur. Hver og einn ætti að vita hvað honum/henni er fyrir bestu (Nika).

Ég er með einn aðstoðarmann og það er gott því að hann skilur það sem ég segi. Ef um væri að ræða bekk þar sem eingöngu væri fólk með sérþarfir mættu þeir vera fámennari. Ég er í sérskóla og ég er ánægður þar því að mér finnst kennararnir sýna nemendum með sérþarfir skilning. En ég held að það væri betra fyrir nemendur með sérþarfir að vera í almennum bekkjum og fá aðstoð þar (Domen).

Í heimalandi mínu eru 26 nemendur í almennum bekkjum og mig langaði til að vera í almennum bekk. En aðrir nemendur þar segja mér að ég skuli ekki gera það. Það er gott að geta gert venjulega hluti í venjulegu umhverfi. Ég finn að það er erfiðara þar sem ég er háð sérstökum tækjum sem tefja mig, en mér finnst gott að eiga vini sem fylgjast með mér og hjálpa mér. Allir nemendur eiga rétt á að kennararnir veiti þeim stuðning og hjálp utan skólastofunnar, til dæmis í matarhléinu. Kennarinn minn og krakkarnir í bekknum vita hvernig þeir geta aðstoðað mig. Ég veit að það er til stuðningsmiðstöð þar sem kennarar geta leitað aðstoðar (Sofie).

Maður þarf að velja milli náms án aðgreiningar eða hvort maður vill fá aðstoð við allt, og ef síðari valkosturinn er valinn er betra að vera í litlum bekk. Ég tek þátt í verkefni sem gengur út á að veita upplýsingar um fatlað fólk í námi. Í verkefninu þjálfar nemendur aðra nemendur og kennarar aðra kennara (Laima).



Ég er feginn að vera með tvo kennara; annar þeirra hjálpar mér. Ég tók þátt í verkefni þar sem allir geta horft á bíómyndir og síðan fara fram hópumræður um vandamálin. Aðstoðarmaður hjálpar mér við heimavinnuna (Wacław).

Mér finnst aðstæður mínar vera eðlilegar því að ég er með tvo kennara í bekknum mínum (Orlando).

Það er mikilvægt að fá aðstoð hjá talkennara. Ég hef samband við kennarana mína með SMS eða við talkennarann minn með tölvupósti. Kennararnir gleyma því stundum að ég þarf að lesa af vörum þegar túlkurinn minn er ekki viðstaddur; Þeir snúa í mig baki á meðan þeir tala og nota erfið orð sem ég skil ekki (Méryem).

Ég hef reynslu af því að vera í skóla þar sem börn með sérþarfir eru líka. Skólinn er lagaður að þörfum þeirra. Aðrir nemendur hjálpa til án þess „að þurfa þess“ – þeir „gera það“ bara (Edgars).

Ég fékk betri endurhæfingu og ráðgjöf í sérkennslumiðstöðinni en í skólanum mínum, en ég velti fyrir mér hvernig staðan er hjá þeim sem eru meira fatlaðir en ég. Ég er í sérskóla vegna þess að hverfisskólinn minn hentaði mér ekki (Tuomas).

Þegar ég er með öðrum nemendum með sömu sérþarfir og ég í bekk, þá finnst mér ég vera eðlileg. Við erum átta nemendur í sama bekknum og við erum öll heyrnarskert (Kamilla).


Mér fannst hinir krakkarnir leggja mig í einelti þegar ég var í skóla „án aðgreiningar“. Mér finnst frábært að í sérskólanum mínum er fullt af tölum í sérstöku herbergi sem er opið á kvöldin svo að nemendur geti lokið heimavinnunni sinni (Rebeca).

Kennararnir einblína stundum bara á hluti sem ég get ekki gert, en ekki á það sem ég get gert (Þórður).

Ég er í almennum skóla og í bekknum mínum eru krakkar með Aspergers-heilkenni (Marie).

Í skólanum er sjónskert og blint fólk. Við erum með sérkennara í skólanum. Í stærðfræðitímunum hjálpar sérkennari sjónskertum nemendum í litlum hópum. Blindraetrið skiptir sköpum fyrir okkur (Dean, Robert). Við erum með sérstakt starfsfólk sem sér um að ungt fólk með sérþarfir fái þá aðstoð sem það þarf (Daniel).

Í heimalandi mínu eru hjólastólanotendur með sérstaka aðstoðarmenn og þar er líka innréttað sérstaklega eftir þeirra þörfum



með skábrautum og handriðum. Í skólanum mínum taka kennararnir tillit til sérþarfa nemendanna. Við erum með stuðningsfulltrúa sem aðstoða okkur við námið. Ef ég verð veik er ekkert mál að fá námsefnið og heimaverkefnið send til mín. Ég fæ lengri tíma en aðrir til að taka próf og get fengið að halda pásu ef ég þarf á því að halda (Maria).

Ég er í almennum skóla og fæ viðbótarstuðning. Mér finnst ég tilheyra hópnum. Mér líður eins og þeim sem ekki eru með sérþarfir. Í mínu heimalandi eru sérkennarar í almennum skólum sem hjálpa okkur (Pauline).

Ég er í framhaldsskóla og þar eru engir með sérþarfir (Emile).

Ég geng í almennan skóla og er í bekk án aðgreiningar. Ég fæ mikla hjálp og meiri tíma en aðrir í prófum (Honoré).

Það voru lagðar fyrir mig færri spurningar eða ég fékk lengri tíma í prófum. Það verður að laga aðstæður að þörfum mínum (Jakub).

Ég fæ ekki viðbótarstuðning í skólanum. Skólafélagar mínir aðstoða mig og hjálpa mér við heimavinnuna. Þeir skilja mig stundum betur en kennararnir. Ég er í almennum skóla og ég er eini nemandinn með sérþarfir í bekknum mínum. Ég fæ enga sérstaka aðstoð af því að ég er í „venjulegum“ skóla (Melanie).

Ég er í „venjulegum“ bekk og aðstæður í skólanum eru lagaðar að þörfum mínum. Ég fæ tölvu, stærra borð en aðrir og akstursþjónustu úr og í skóla. Ég hef verið mjög heppin með kennara. En sumir kennarar sýna engan skilning, þeir vilja ekki bregða út af námskránni, þeir hjálpa mér ekki og laga ekki efnið að mínum þörfum (Lise).

Ég þurfti ekki að fara í sérskóla en ég átti ekki annarra kosta vöð því að í almenna skólanum er ekki það aðgengi sem ég þarf (Bethany).

Ég varð harðari af mér við að stunda nám í almennum skóla; það bjó mig undir lífið eins og það er. Það er mikilvægt að undirbúa nám án aðgreiningar á réttan hátt, það skiptir sköpum að viðeigandi námsefni sé sett fram á viðeigandi hátt. Það þarf að vekja skilning og vinna að því að breyta viðhorfum gagnvart fólki með ýmiss konar sérþarfir (Gemma).

Það er gott að fá stuðning frá aðilum utan skólans sem geta verið eins konar milligöngumenn fyrir nemendur með sérþarfir. Sumir kennaranna vildu ekki taka þátt í því að laga námsefnið að þörfum mínum og annarra; kennarar eiga að taka vel á móti öllum



nemendum bekkjarins. Sumir nemendur fá þann undirbúning sem þeir þurfa í sérskólum til að geta farið síðar í almennan skóla; ég fékk undirbúning í sérskóla áður en ég byrjaði í almennum framhaldsskóla (Wessel).

Það er mér afar mikilvægt að eiga skólafélaga sem styðja mig og fá viðeigandi stuðning þegar ég er í starfsþjálfun (Jože).

Það voru engir fatlaðir nemendur í skólanum mínum fyrr en á síðastliðnu ári; krakkarnir þar kviðu fyrir því að fá þá (Keenan).

Það var heyrnarskert stelpa í bekknum mínum – kennarinn bað okkur að aðstoða hana, en við höguðum okkur eins og barnapíur – fötluðum nemendum er engin hjálp í því að vera ofverndaðir, það er ekki eðlilegt. Það er aðgengi fyrir hjólastólanotendur í skólanum mínum og þar fá sjón- og heyrnarskertir nemendur einnig aðstoð. Það eru haldin námskeið þar sem þeir ræða um fötlun sína og hinir krakkarnir sýna þeim þá meiri stuðning (Ásgerður).

Einu sinni í viku er ég í almennum bekk – það er mér mjög mikilvægt. Hjálpssemi kennara og skólafélaga breytir öllu – ég fékk ekki þá hjálp sem ég þurfti í grunnskólanum, en núna er ég kominn á framhaldsskólastig og er ánægður (Łukasz).

Við vorum með sérstaka deild fyrir þá sem þurftu viðbótarstuðning, en við vorum líka með aðstoðarmenn sem lásu fyrir okkur af töflunni o.s.frv. Kennari fyrir sjónskerta nemendur útvegaði búnað (Katrína).

Það eru 38 strákar í sérskólanum mínum svo að það eru fáar bóklegar greinar en meira af verklegu námi. Bekkirnir eru mjög litlir en sumt námsefni er ónothæft, t.d. eru sumir geisladiskar ótextaðir. Það er alltaf erfitt að fá nýjan kennara því að það tekur sinn tíma að byggja upp gagnkvæman skilning. Skólarnir ættu að vera blandaðir (strákar/stelpur) (Simon).

Upplýsingatæknikennarinn í skólanum mínum er líka fatlaður – þess vegna hefur hann meiri skilning á sérþörfum – hann þekkir vandamál nemendanna af eigin raun (Áron).

Það þarf ýmiss konar aðstoð eftir því hvers eðlis fötlunin er. Í mínum skóla voru notaðir hljóðnemar og sumir kennarar voru með minni bekki. Skólinn var á einni hæð (með hjólastólaaðgengi). Þar var einnig tæknibúnaður fyrir sjónskerta nemendur, svo sem stækkunarbúnaður, og „pásu“-staður fyrir þá sem voru með athyglisbrest, o.s.frv. (Elin).

Ég er mjög lengi að skrifa og þarf að fá lengri tíma í prófum en aðrir, o.s.frv. (Philipp).

Ég á vin sem er lesblindur og það hjálpaði honum mikið að nota tölvu og fá meiri tíma en aðrir. Við fengum hljóðskrár eða jafningjahjálp en það stóð þó ekki alltaf til boða (Klara).



Hverjir eru, að þínu mati, helstu kostir og gallar sem fylgja, eða gætu fylgt, námi án aðgreiningar fyrir þig sem nemanda?

Ungu fulltrúarnir greindu frá því hvað þeir álitu vera helstu *kosti* náms án aðgreiningar fyrir sig. Meðal annars töldu þeir að það veitti þeim meiri möguleika á að fá vinnu síðar meir, þeir væru öruggari með sig og sjálfstæðari, vissu hvernig lífið gengur fyrir sig í raun, berðust gegn mismunun og staðalmyndum, ættu fleiri vini, liði eins og „venjulegu“ fólki og létu fyrirstöður ekki standa í vegi fyrir sér.

Hér eru dæmi um svör þeirra:

Það er auðveldara að fá vinnu ef maður er með venjulegt prófskírteini. Það er líka auðveldara að samlagast samfélaginu ef maður er í almennum skóla en ekki í bekk með fötluðum einstaklingum (Melania, Carlo).

Það er hlutverk skóla að búa ungt fólk undir lífið. Vinna/nám gera framtíðina bjartari (Jonas). Þeir sem eru í sérskóla vita ekki hvernig lífið er í venjulegu þjóðfélagi (Maw). Það er mikilvægt að allir



útskrifist með sams konar prófskírteini að skólagöngu lokinni. Þannig fá þeir möguleika á að taka þátt í nútímasamfélagi (Laima og Kamilla).

Það er gott að eiga góða félag, en það skiptir sköpum að geta fengið góða vinnu; nám án aðgreiningar skapar þessa möguleika (Jože).

Í námi án aðgreiningar fá nemendur með sérþarfir æfingu í að útskýra hvað þá vantar – og það þurfa þeir að geta gert í daglegu lífi og þegar þeir fá vinnu (Barbara). Reynslan er stundum mikilvægari en nám. Þegar við höfum ráðið fram úr því hvað við viljum læra, þá leysast aðrir hlutir í samfélaginu (Leanne).

Mjög mikilvægt er að fólk með sérþarfir stundi nám í almennum skólum því að hinir nemendurnir geta þá fræðst um ýmiss konar fatlanir. Nemendur með og án sérþarfa geta lært hver af öðrum og miðlað reynslu sinni og þekkingu (Efsthios).

Það er brýnt að fræðast um annað fólk og líf þess; að læra af öðrum og deila með þeim reynslu okkar (Charlotte, Diogo, Méryem, Zineb). Það opnar augu fólks og dregur úr mismunun (Aure). Aðrir geta velt fyrir sér hlutunum (Pedro) og við lærum að virða fólk sem er öðruvísi en við (Andreani).


Það er gott fyrir okkur – og gott fyrir það (Barbara). Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að það kemur öllum í bekknum til góða (Sophie). Nám án aðgreiningar stuðlar að meira umburðarlyndi og fordómaleysi meðal krakka í almennum skólum (Sára).

Ef takast á að ryðja öllum fyrirstöðum úr vegi þarftu að breyta hugarfari þínu; þú ert hluti af stærri heild. Annað ungt fólk þarf að skilja hlutina: það er mikil fávísi í heiminum (Gemma).

Allir eru þátttakendur í samfélaginu, það er sama hvaða erfiðleika þeir eiga við að etja (Robert). Allir ættu að eiga kost á námi án aðgreiningar og betra lífi (Tomáš).

Í námi án aðgreiningar fer öllum að líða eins og þeir tilheyri einu góðu kerfi (Triin). Þar gefst tækifæri til að læra og losna jafnframt við þá tilfinningu að maður sé „öðruvísi“ (Lucie). Allir losna úr viðjum (Elmo). Það stuðlar að því að allir sigrist á vanmætti sínum (Maria).

Sú reynsla sem fæst útilokar staðalmyndir. Nám án aðgreiningar breytir viðhorfum fólks gagnvart fötlun (John). Það eykur umburðarlyndi og skilning gagnvart fötluðum (Dean).



Ef allir sýna skilning gagnvart ýmiss konar fötlun og persónulegum aðstæðum fólks er nám án aðgreiningar ekkert vandamál. Einelti á sér stað vegna þess að einhver er „öðruvísi“ – og þegar búið er að útskýra ástæðuna er eineltið úr sögunni. Nám án aðgreiningar stuðlar að því að allir nýti hæfileika sína sem best (Katrína).

Nám án aðgreiningar hefur ekkert með það að gera að vera í umhverfi sem auðveldar manni námið; það ætti í raun að vera eins hjá öllum. Fólk finnst betra að læra í fámennum bekkjum og allir ættu að eiga kost á því (Kamilla). Þeir sem eru í fjölmennum bekkjum sofna í tímum og þess vegna tekur enginn eftir þeim. Við slíkar aðstæður hafa kennararnir bara tvær mínútur aflögu fyrir hvern nemanda þegar þörf væri fyrir tíu. Í almenna skólakerfinu gefst tækifæri til að velja og kanna hvað maður vill og hvað maður er fær um að gera (Kamilla).

Það er auðvelt að eignast vini í námi án aðgreiningar (Bethany). Það er að eiga vini – „hóp af frábærum félögum“. Ekki bara til að læra saman, heldur líka slæpast saman (Sam).

Það eykur og bætir öll samskipti (Markos). Námið fer líka að ganga betur. Skólarnir þurfa að verða nemendavænni (Alexandra).

Nám án aðgreiningar þarf að verða „eðlilegt“, en til að svo geti orðið þarf fullt af fólki að sérhæfa sig (Francesco).

Einfaldir hlutir eins og að vera með allan tæknibúnað tiltækan – leyfa til dæmis fartölvur – eru mikilvægir (Bethany). Skilningur kennara gagnvart einföldustu hlutum – svo sem hávaða í skólastofunni – getur skipt miklu máli (Mathias). Möguleikar á því að vinna einn, svo sem einstaklingsáætlanir, eru af hinu góða – það er mikilvægt að fá sérkennslu í sumum greinum (Lucie). Það er mikilvægt að taka tillit til ýmiss konar námsaðferða – til dæmis þeirra aðferða sem sjónskertir nota (Tomás).

Slíkar aðferðir gera mér kleift að vera með í „venjulegum“ hópum þar sem meiri kröfur eru gerðar. Einstaklingsáætlanir eru mjög mikilvægar, en það þarf að leiðbeina kennurunum – nemendurnir verða að hafa frumkvæði (Tomás). Það er erfitt að fá réttu aðstoðina en það tekst að lokum (Francesco).

Það er gott að breyta sætaskipan í skólastofunni og auka þannig félagsleg samskipti nemenda (Robert). Ef vel á að takast til í námi án aðgreiningar skiptir félagslegt andrúmsloft miklu máli (Jens).



Því meira sem fatlaðir eru innan um aðra, þeim mun fyrr skapast jákvæð viðhorf. Það er ekki nægilega hjálp að fá – en það er grundvallaratriði ef fólk á að geta verið sjálfstætt. Fyrir viðkomandi aðila eru það mjög mikilvæg félagsleg lífsgæði og með því fæst stuðningur við heimavinnu að skólatíma loknum og við þátttöku í áhugamálum innan sem utan skólans. Íþróttir eru frábær leið til að komast inn í félagslífið (François).

Ef fatlaðir nemendur eru aðskildir frá öðrum er örugglega erfiðara að auka skilning á aðstæðum þeirra. Hægt er að hafa hópana fámenna, en slá þeim saman eftir því sem hægt er (Keenan). Það er auðveldara fyrir heyrnaskerta nemendur að vera í fámennum bekkjum því að það er of margt sem truflar ef það er hávaði í kringum mann. Þegar ég er með heyrnarskertum jafnöldrum mínum finnst mér ég vera „eðlileg“ (Elin).

Fjöldi nemenda í hóp þarf að miðast við sérþarfir þeirra. Fötlðu fólki þarf að líða betur í stærri hópum, en þjóðfélagið þarf að laga sig að því. Almennir nemendur og fatlaðir þurfa að læra að lifa og starfa saman – þar sem aðgengi er fyrir alla (Mei Lan).

Oft er talað um að nám án aðgreiningar kosti of mikið, en sparnaðartilraunir sýna að þegar upp er staðið þarf bara að borga meira til að leysa vandamálin (Daniel). Jafnvel í löndum með bágborinn efnahag þarf að framfylgja námi án aðgreiningar á sem bestan hátt. Nám án aðgreiningar er fjárfesting, við þurfum að fjárfesta í fólki; fólk er eina auðlindin. Nám án aðgreiningar hjálpar okkur að sigrast á fortíðinni – það eflir okkur (Jens).



Ungu fulltrúarnir ræddu einnig um helstu *gallana* sem þeir telja blasa við í námi án aðgreiningar, þar á meðal almennt skilningsleysi kennara og nemenda gagnvart fötlun og að breyta þurfi hugarfari og viðhorfum gagnvart fjölbreytileika. Þeir ræddu um takmarkaða sérfræðipekkingu kennara, neikvæð viðhorf, skort á aðgengi að og í byggingum og þörfina fyrir námsefni sem lagað er að þörfum hvers og eins, svo og viðeigandi námsumhverfi/aðstæður.

Hér eru dæmi um svör þeirra:

Það er mjög erfitt að samlagast í leikskóla, þegar börnin eru yngri (Dagur).

Sumir eiga erfitt með að skilja að ekki séu allir eins í þeirra eigin landi. Ófatlaðir einstaklingar koma fram við fatlaða á tvo vegu: þeir snúa sér bara í hina áttina, skipta sér ekki af þeim, reyna ekki einu sinni; eða spyrja hvað sé að og reyna að átta sig á hlutunum, jafnvel þótt þeir skilji ekki aðstæður. Þabbi lenti oft í erfiðleikum þegar ég var lítill því að fólk vissi ekki hvað athyglisbrestur með ofvirkni er og þabbi vissi ekki hvernig hann átti að útskýra það. Fólk þarf að þekkja til alls konar vandamála. Sérstaklega í löndum eins og mínu, þar sem vandamál vegna fötlunar eru menningartengd. Við vorum bardagapjóð í gamla daga. Við vorum víkingar og veikburða fólki átti erfitt uppdráttar í samfélaginu og var stundum hreinlega tekið af lífi; slík menningaráhrif finnast enn í heimalandi mínu (Dagur).



Það er enn erfitt að stunda nám án aðgreiningar í almennu samfélagi; það getur til dæmis verið hættulegt fyrir okkur að fara yfir götu því að götulýsingin er ekki löguð að þörfum sjónskertra (Carlo og Melania).

Börn uppnefna þá sem eru í sérkennslu. Vandinn við nám án aðgreiningar tengist hvers kyns félagslegum vandamálum (Ingre).

Einelti er vandamál í almennum skólum og maður er ekki tekinn inn í hópinn (Leanne).

Félagsleg viðhorf gagnvart námi án aðgreiningar eru að verða jákvæðari en það er þó ekki orðið forgangsmál (Jonas).

Það þarf líka að sýna vandamálum allra skilning. Starfsfólk í skólum ætti að hafa skilning á vandamálum fólks og veita því þann stuðning sem það þarf til að því gangi vel. Við þurfum að ná því marki að komið sé eins fram við alla og engum sé mismunað, að skilningur ríki (Sam, Charlotte, Jere).

Kennarar og foreldrar þurfa að vita hvernig nýta má tæknilega aðstoð í skólanum og heima; það vantar meiri hjálparbúnað (Elmo, Kanivar, Fé, Aure).


Nám án aðgreiningar getur skapað nýjar fyrirstöður sem sigrast þarf á, svo sem viðhorf kennara (Wessel), hindranir í námi og félagslífi (Bethany), félagsleg áhrif og þrýsting frá foreldrum (Triin), einelti (Sophie), félagslegan bakgrunn nemandans og námsaðstæður utan skólans (Gemma), almennan aðbúnað á borð við flutning milli staða (Francesco).

Menntun kennara er mjög ábótavant (Sophie). Í kennaranáminu er hvorki um nægar upplýsingar né réttar að ræða hvað varðar nám án aðgreiningar. Fólk með sérþarfir er í vanda statt; þegar það fær meiri aðstoð aukast stundum vandamálin (Wessel). Stundum hafa kennarar ekki áhuga á að fræðast um sérþarfir (Méryem).

Stjórnvöld sjá um að greiða kennurum starfslaun og þeir fá greitt fyrir „að vera kennarar“, en þeir hafa hafa ekki áhuga á að „þurfa að fást við fleiri hluti“. Þess vegna hafa flestir kennarar lítinn áhuga á að kynna sér sérþarfir í námi (Laima).

Kennarar þurfa að beita samræmdum aðferðum (Elin).

Kennarar hafa kannski áhyggjur af því að þurfa að sinna fötluðum nemendum meira (Robert). Ef fáir fatlaðir nemendur eru í bekknum



ætti kennarinn ekki að gefa þeim of mikinn gaum. Kennarar þurfa að finna jafnvægi í því hvernig þeir skipta aðstoð sinni milli fatlaðra og ófatlaðra nemenda (Daniel).

Í heimalandi mínu hjálpar fólk manni of mikið (Kamilla).

Við erum ekki með stuðningsfulltrúa á háskólastigi. Við þurfum líka að draga úr mismunum og einelti. Sumir nemendur gera sér grein fyrir vanmætti annarra og þeir gera ennþá grín að mér vegna ofvirkinnar (Maria).

Okkur finnst við alltaf þurfa að biðja um hjálp. Við fáum hana ekki af sjálfu sér. Það tekur langan tíma að fá það sem maður þarf (Pauline).

Kennarar ættu að ræða um fötlun við nemendur – almennir nemendur vita ekki hvað þeir geta gert til að hjálpa og styðja (Áron). Skilningur á málefnum fatlaðra ætti að vera liður í náminu (Katrina).

Tveir eða fleiri kennarar (aðstoðarmenn) þurfa að vinna sem teymi í bekk þar sem nemendur læra saman án aðgreiningar; það krefst sérstakrar færni sem þessir kennarar ættu vera þjálfaðir í. Kennarinn ætti að fá leiðbeiningar hjá sérfræðingum um það hve miklum viðbótartíma fatlaðir nemendur þurfa á að halda (Philipp).

Niðurskurður stjórnvalda er þegar farinn að hafa áhrif á stuðningsþjónustu – aðstoðarfólk er til dæmis farið að missa vinnuna. Peningarnir eru látnir renna til skólanna, en það er svo misráðið því að þá verða „venjulegir“ kennarar að aðstoða fatlaða og þeir kunna það alls ekki (Wessel).

Fagfólk á ýmsum sviðum verður að vinna saman. Ný kynslóð kennara hefur fengið betri fræðslu um málefni fatlaðra og kann betur til verka – málin eru að þróast í rétta átt. Lögin eru góð og gild en kennarar þurfa að hafa þekkingu og skilning á sjónskerðingu/öðrum hömlunum. Það þarf að nýta tæknina betur til að tryggja að fatlaðir fái aðgengilegar upplýsingar (François). Nauðsynlegt er að aðgengi í byggingum sé gott (lyftur, sjálfvirkar hurðir, aðgengilegir slökkvarar, o.s.frv.) (Thomas). Við þurfum að fá meiri tíma í prófum en aðrir (Łukasz). Nauðsynlegt er að stuðningskerfi sé til staðar innan skólans svo að fatlaðir nemendur fái aðstoð. Með utanaðkomandi stuðningi kann þeim að finnast þeir vera öðruvísi en aðrir og einangraðir (Mei Lan). Það vantar fleiri rafbækur og hljóðbækur fyrir þá sem sjá illa (Łukasz, Áron).



Mesta vandamálið er viðhorf fólks og vanþekking – þetta er eins og að vera í myrkrarkompu (Triin). Það er mjög erfitt að þurfa alltaf að útskýra fyrir öðrum hvað þig vanhagar um – það er erfitt að fá aðra til að skilja vanmátt þinn. Það er mjög erfitt að þurfa að segja hlutina aftur og aftur. Oft eru of lítil félagsleg samskipti milli þeirra nemenda sem eru með sérþarfir og hinna nemendanna (Barbara).

Samfélagið hafnar hreinlega fólk sem á við tiltekna erfiðleika að etja, en það er afar mikilvægt að njóta viðurkenningar (Robert). Útrýma þarf ákveðnum fordómum gagnvart fötluðum. Hér á þinginu höfum við fengið þjálfun og fræðslu, til dæmis um flogaveiki og hvernig við getum komið til hjálpar. Í almennum skólum þurfa fatlaðir nemendur hvað eftir annað að gera nýjum kennurum og skólafélögum grein fyrir aðstæðum sínum. Matsupplýsingar þurfa að fylgja með frá einum stað á annan og sýna þarf tillitssemi (Keenan).

Fólk veit ekki alltaf hvernig það á að hafa samskipti eða að til séu ýmsar leiðir til þess (Tomáš). Óviðeigandi hegðun jafnaldra manns kemur illa við alla (Lucie). Einfaldir hlutir geta verið endalaust ágreiningsefni (Bethany). Það er mikilvægt að ræða saman – sumir eru með ýmsa ósiði – það verður að vera hægt að tala um allt. Blint fólk á ekki allt við sams konar erfiðleika að etja – þetta er mjög flókið (Sára).

Þegar unnið er að því að koma á námi án aðgreiningar þarf að taka meira tillit til sálfræðilegra þátta en hagnýtra. Þegar fötlunin er „falin“, eins og þegar um Asbergers-heilkenni er að ræða, þarf stöðugt að minna fólk á hana – það gerir sér ýmsar grillur. Það þarf að laga námið að þörfum einstaklingsins – það er líka gott fyrir þá sem eru með Asperger að vera í litlum hópum. Erfiðara er að fá fræðslu um tiltekna fötlun í námi án aðgreiningar heldur en í sérskólum þar sem nemendur eru með sams konar hamlanir. Jafnvel sérfræðingarnir standa stundum á gati og spyrja „hvaða vandamál glímir þú við?“ Við erum öll einstök – ég hugsa á tiltekinn hátt þar sem ég er einhverfur og það gerir mig að þeim sem ég er (Daniel).

Hver og einn leggur sinn skilning í nám án aðgreiningar; það er ekki til nein ein skilgreining á námi án aðgreiningar og því þarf að breyta. Það þarf að auka skilning – okkur verður ekkert ágengt fyrr en allir skilja hvernig það er að vera fatlaður (Katrína).



Athugasemdir og tillögur

Ungu fulltrúarnir voru einnig beðnir um að koma með athugasemdir og tillögur. Sjá eftirfarandi:

Fjölbreytileiki er jákvæður; það er mikilvægt að undirbúa fólk allt frá upphafi, að vinna með krökkum að því að ala upp betri kynslóð (Dagur).

Það má ekki draga kjarkinn úr nemendum á nokkurn hátt (Robert). Maður verður að hafa trú á sjálfum sér (James). Mér finnst mikilvægt að kennararnir hafi trú á mér (Efstathios). Kennararnir verða að huga betur að því sem nemendurnir geta gert heldur en því sem þeir geta ekki gert. Fólk verður að sjá hvað/hver býr að baki fötluninni. Ég er heyrnarskert – það er ekkert að mér, bara eyrunum á mér. Ég og fötlun mín erum ekki eitt og hið sama. Það þarf að fræða kennara um fatlanir. Við þurfum að gera meira saman – utan skólatíma, vera saman í frístundastarfi, íþróttum – og skemmta okkur (Elin).

Það eru ekki nægilega miklir möguleikar á að taka þátt í sjálfböðavinnu eða félagslífi að loknum skóladegi. Það er líf eftir skóla (Arvydas).

Við þurfum að búa okkur undir framtíðina. Kennararnir í skólanum vita hvaða nemendur eru fatlaðir. Fólk þarf að sýna þeim sem eru með sérþarfir tillitsemi við almennar aðstæður (Melanie). Fatlaðir verða að læra hvernig maður á að hegða sér í samfélaginu (Marie).



Kennarar verða að reyna að skilja hvað nemandinn vill og hvernig á að aðstoða hann (Nana-Marie). Maður getur verið góður í einni námsgrein og lélegur í annarri, en það ætti ekki að hindra mann í að mennta sig á tilteknu sviði (Daniel).

Kennararnir verða að gera öllum eins auðvelt og hægt er að ljúka sambærilegu námi. Fatlað ungt fólk verður að taka þátt í ákvarðanatökum. Það hefur mest að segja um ákvarðanir sem varða það sjálft (Keenan). Allir verða að eiga hlut að máli, líka þeir sem eru öðruvísi en aðrir – allir mega standa fyrir sínu (Katrina).

Við eigum að horfa á einstaklinginn – ekki fötlun hans – og gera allt sem hægt er til að bæta aðstæður (Ásgerður).

Fatlaðir námsmenn verða að taka eigin ákvarðanir og eiga sömu möguleika og aðrir á að segja hvað þeir vilja læra – eiga rétt á að tjá sig um hluti sem varða menntun (Klara). Við eigum rétt á að taka eigin ákvarðanir (Wessel).


Þeir sem þurfa stuðning ættu að vera í ráðningarnefndinni sem ræður nýja stuðningsfulltrúa til starfa; þeir ættu að taka þátt í almennum ákvarðanatökum. Þeir ættu að eiga sér fatlaða einstaklinga sem hvetjandi fyrirmyndir (Sam, Charlotte, Jere).

Við þurfum „skóla án hindrana“. Allir geta notið góðs af námi án aðgreiningar, líka þeir sem eru ófatlaðir (Elmo, Kanivar, Aure, Fé). Við þurfum að breyta viðhorfum nemenda, sem ekki eru með sérþarfir, gagnvart fötlun (Emile).

Nám án aðgreiningar er bara góð hugmynd – nýr heimur hefur opnast (Lucie).

Síðast en ekki síst voru margir fulltrúanna sammála um ýmis atriði, sem dæmi má nefna:

- Í bekkjum þar sem nám fer fram án aðgreiningar vænta ungu fulltrúarnir þess að kennararnir og „hinir nemendurnir“ leggi sig meira fram en ella við að sýna fötluðum skilning og hafa þá með í öllu;
- Ungu fulltrúarnir segja að mikilvægt sé að fækka nemendum eða hafa bekkina fámenna, og vinna að því að bæði byggingar og almennar aðstæður í þjóðfélaginu henti öllum;
- Það er mikilvægt að geta fengið aðstoð án þess að þurfa að berjast fyrir því;

- 
-
- Leggja ætti meiri áherslu á einstaklingsbundnar sérþarfir og viðhorf þegar skólafélagarnir fá þjálfun í að veita aðstoð;
 - Nám án aðgreiningar er mismunandi eftir löndum og einnig innan einstakra landa.

Að lokum skal undirstrika hve umræður ungu fulltrúana voru vandaðar, hreinskilnar og greinargóðar. Ljóst var að skoðanir þeirra voru fullmótaðar og hið sama má segja um áhuga þeirra á að leggja sitt af mörkum til að það sem máli skiptir í námi án aðgreiningar verði að veruleika: jafnrétti til náms, að öllum standi góð menntun til boða og að tekið sé tillit til þess að það eru ekki allir eins.

Afrit af umræðum hópanna eru á vefsvæði Evrópumíðstöðvarinnar: <http://www.european-agency.org/agency-projects/european-hearing-2011/results-files>



LITIÐ TIL FORTÍÐAR OG FRAMTÍÐAR

Núna, árið 2012, er kominn tími til að fjalla um það sem allir ungu fulltrúarnir hafa lagt til málanna, allt frá fyrsta fyrirspurnarþinginu árið 2003. Alls hafa 238 ungmenni tekið þátt í fyrirspurnarþingunum þremur og öllum stóð þeim til boða að segja sitt álit og leggja fram tillögur um nám án aðgreiningar. Markmiðið, öll þessi þrjú skipti, hefur verið að hlusta á sjónarmið unga fólksins til að betri skilningur fengist á því hvernig nám án aðgreiningar fer í raun fram frá sjónarmiði fatlaðra nemenda.

Sjónarmið unga fólksins þar að lútandi eru ekki síður mikilvæg en sjónarmið sérfræðinga og fagfólks. Niðurstöður þessara þriggja fyrirspurnarþinga sýna svo ekki verður um villst að ungt fólk getur á skýran og skilmerkilegan hátt sett fram sams konar athugasemdir og sérfræðingar á þessu sviði.

Hér er ekki ætlunin að koma með langar skilgreiningar á þeirri þróun sem átt hefur sér stað frá árinu 2003; sömu einstaklingarnir voru ekki tilnefndir til setu á hverju þingi, fulltrúarnir voru á mismunandi námsstigum og það var í fyrsta sinn árið 2011 sem ófatlaðir nemendur, án sérþarfa, tóku þátt. Meginatriðið hér er að undirstrika hvað er líkt eða ólíkt með þeim atriðum og málefnum sem rædd hafa verið allt frá árinu 2003, og leggja áherslu á þær megin tillögur sem fram hafa komið.

Unga fólk hefur almennt í áranna rás látið í ljós ánægju sína með námið, hvort sem það hefur verið í almennum skólum eða sérskólum. Allir hafa lagt áherslu á hve mikilvægt það sé að afla sér góðrar menntunar og ítrekað að það sé lykilatriði þegar kemur að því að finna sér vinnu; það auðgi og efli félagsleg samskipti og veiti þeim almennan undirbúning til að takast á við lífið framundan.

Allir hafa mælt með námi án aðgreiningar og – þrátt fyrir neikvæða reynslu nokkurra aðila – ítrekað þá staðreynd að nám án aðgreiningar komi öllum nemendum til góða. Þátttakendur á þinginu árið 2011 gerðu nákvæma grein fyrir því hvernig nám án aðgreiningar eigi að vera, hvers virði það sé þeim og hvernig það geti komið öllum til góða. Unga fólk, sem hvorki var fatlað né með sérþarfir, gat líka gert góða grein fyrir því hve nám án aðgreiningar er gefandi reynsla þar sem það víkki sjóndeildarhringinn og stuðli að því að útrýma staðalmyndum.



Flestir þátttakendanna voru úr almennum skólum og þeir samsinntu því að nám án aðgreiningar væri mismunandi, bæði milli landa og innan viðkomandi landa, sem og að úrbóta væri þörf á ýmsum sviðum. Þeir telja engu að síður að allir eigi rétt á að stunda nám án aðgreiningar. Sá réttur nær til þess að allir hafi jafnan rétt til náms, fái þann stuðning sem þeir þurfa til að námið nýtist þeim sem best og að tekið sé tillit til þeirra.

Rétturinn til náms án aðgreiningar felur einnig í sér að nemandi sé hafður með í umræðum og fái tækifæri til að segja hvar hann vilji stunda nám. Eitt tiltekið atriði hefur verið eins og rauður þráður á öllum fyrirspurnarþingunum og það er sá augljósi vilji unga fólksins að fá að taka fullan þátt í öllum ákvörðunum sem það varðar.

Árið 2003 lögðu þátttakendurnir áherslu á þetta þegar þeir sögðust ekki geta hugsað sér framtíðina þannig að þeir væru bara heima hjá sér og hefðu enga vinnu. Þetta viðhorf kom aftur fram árið 2007 í sameiginlegum væntingum allra um að geta lifað eins sjálfstæðu lífi og kostur væri. Árið 2011 lögðu ungu fulltrúarnir áherslu á að aðalkosturinn við nám án aðgreiningar væri góð menntun sem veitti þeim betri undirbúning en ella til að geta verið sjálfstæð í lífinu.


Unga fólknið lítur svo á að í námi án aðgreiningar skuli fjölbreytileika fagnað og það snúist ekki bara um skólamenntun heldur samfélagið í heild sinni. Slíkt verði ekki að veruleika fyrr en öllum fyrirstöðum hafi verið rutt í vegi og viðhorfsbreytingar hafi átt sér stað. Í því tilliti heldur það áfram að leggja áherslu á tvö tiltekin atriði sem þarfnast úrlausnar – aðgengi og viðhorf, svo og sérfræðiþekkingu kennara.

Aðgengi snýst ekki einungis um aðkomu að byggingum heldur einnig að útvegaður sé nauðsynlegur og aðgengilegur tæknibúnaður og skilvirkur og fyrirhafnarlaus námsstuðningur.

Þátttakendurnir bentu líka á að kennarar átti sig ekki alltaf á eða taki eftir því að nemendur séu með mismunandi sérþarfir. Kennarar búi ekki yfir tilskilinni sérfræðiþekkingu og einblíni of oft á veikleika nemenda í stað þess að sjá styrkleika þeirra.

Þrátt fyrir athugasemdir af þessu tagi er unga fólknið ekki neikvætt gagnvart kennurum sínum heldur fer fram á að fá annars konar kennara; kennara sem er vel undirbúinn og vill starfa í menntakerfi þar sem nám fer fram án aðgreiningar.

Í ljósi þessara atriða lögðu þátttakendurnir á fyrirspurnarþinginu árið 2011 fram ákveðnar tillögur um úrbætur í námi án aðgreiningar, bæði



í skólum almennt og innan veggja skólastofunnar. Þeir báðu ráðamenn að sjá til þess að allir skólar væru innréttaðir fyrir fatlaða og að þar væri viðeigandi stuðning og úrræði að fá, svo sem að stuðningsaðilar væru til staðar í skólastofunni til að bregðast við þegar nemendur þyrftu á hjálp að halda.

Þeir lögðu áherslu á kosti þess að bekkir væru fámennir, að fylgt væri einstaklingsáætlunum og að í skólanum væru stofur þar sem góð aðstaða væri til að hvíla sig eða fá aðstoð eftir þörfum. Þeir bentu einnig á nauðsyn þess að próf væru löguð að þörfum hvers og eins (t.d. að lengri tími fengist til úrlausna), sem og að hægt væri að framlengja námstíma um eitt ár, þannig að allir nemendur gætu lokið sama námsstigi án þess að veita þyrfti sumum þeirra viðbótarstuðning. Í þessu tilliti lögðu þeir áherslu á að sama menntunin veiti sömu möguleika.

Enginn vafi leikur á því að þessi þrjú fyrirspurnarþing hafa verið ungu þátttakendunum til framdráttar – það hafa þau viðbrögð sem borist hafa allt frá árinu 2003 staðfest. Ávinningurinn skilar sér auk þess inn í skólana þeirra; til kennaranna og þeirra nemenda sem tóku þátt í undirbúningsumræðunum. Afraksturinn eftir þingið árið 2011 sýnir það svo ekki verður um villst því að þátttakendurnir og fagfólkið sem fylgdi þeim hafa komið ýmsu í framkvæmd í kjölfar þingsins, til dæmis skrifað greinar í tímarit og dagblöð, notað netmiðla og komið sér upp samskiptasíðum, svo sem Facebook- og Twitter-síðum, svo og sérstökum síðum á vefsvæðum skólanna.

Evrópumiðstöðin ætlar að sjá til þess að þessi skýrsla fari sem víðast og að hinar einlæggu óskir og tillögur sem ungu fulltrúarnir lögðu fram falli ekki í geymslu.

Í samvinnu við sendifulltrúana, fjölskyldur þeirra, sérfræðinga og ráðamenn mun Evrópumiðstöðin vinna að framgangi góðrar menntunar án hindrana, þar sem engir tveir eru eins og tillit er tekið til allra, eins og ungu fulltrúarnir orðuðu það sjálfir: *við erum ólík eins og litirnir, en í sameiningu getum við búið til regnboga.*




FULLTRÚAR Á FYRIRSPURNARÞINGI EVRÓPUÞINGSINS 2011

Hér fyrir neðan eru nöfn sendifulltrúanna, 88 að tölu, sem tóku þátt í fyrirspurnarþinginu árið 2011:

Aure AFLALO	Keenan ALEXANDER
Carlo ANDERHALDEN	Maria BARANDUN
Efstathios BEKYRAS	Méryem BELGHAZI
John BENNINGTON	Markos BOTSOS
Robert BOYLE	Elin Johanna BRANDT KORALL
Pauline BRASSEUR	Chiara BRIZZOLARI
Wessel BROEKHUIS	Maria BUGEJA
Claudia BURATTINI	Fabian CAMARA ALCAIDE
Jens CAMILLERI	Tomáš ČERNÝ
Alexandra CHRONOPOULOU	Rolands CINIS
Leanne Alice COLE	Nana-Marie DALE REICHEL
Charlotte DARBY	Yohana Angelica DEL PINTO
Honoré D'ESTIENNE D'ORVES	Samantha DRYDEN-SILLARS
Wacław DZIĘCIOŁ	Klara Linnea Astrid ELFSTEN
Zsófia FAZEKAS	João FONSECA
Barbara GEHER	Sára GERGELY
Josette GRAÇA SILVA	Melania GROTTI
Kanivar GÜLER	Andreani HADJISTERKOTI
Sophie Bethan HANNAWAY	Ásgerður HEIMISDÓTTIR
Lucie HRDINOVÁ	Ingre IMALA
Jakub JARMUŁA	Diogo JESUS NETO
Dagur JÓHANNSSON	Þórður JÓNSSON
Domen KAISER	Dean KELLY
Orlando KROHN	Thomas KROYER

Joži KUMPREJ	Robert LÄTT
Mei LAN NG	Marie LAURITZEN
Artūras LAURYNAS	François LE BEL
Laima LIEPINA	Fé LINDEN
Rebeca LÓPEZ RUANO	Nika LUŠNIC
Mathias MACHIELSEN	Gemma MACKINTOSH
Jere Nicholas MAHLAKAARTO	Emile MAINKA
Tuomas Kimmo Johannes MANNI	Daniel MARTIN
James MARTIN	Simon MCDOUGALL
Stefanos MELAS	Audrey MESUREUR
Sofie MONGGAARD CHRISTENSEN	Jonas NENORTAS
Michalis NICOLAOU	Melanie NIELSEN
Áron ÓCSVÁRI	Elmo PESIN
Triin PUUSEPP	Pedro ROMERO JIMÉNEZ
Zineb SAOUI	Daniel Alexander SCHOUTEN
Francesco SCICLUNA	Edgars ŠENINŠ
Łukasz ŚMIETANA	Kamilla SØLYST BJØLSETH
Bethany STALEY	Philipp STEINBERGER
Katrina THOMSON	Lise TØRLEN
Mirjam WOLFF	Arvydas ZAGARAS



IS

Í nóvember 2011 stóð Evrópumíðstöðin fyrir þróun í sérkennslu fyrir fyrirspurnarþingi á Evrópuþinginu í Brussel. Tilnefnd voru 88 ungmenni frá aðildarlöndum hennar til að fjalla um nám án aðgreiningar og hvaða gildi slíkt nám hefur fyrir þau. Meðal þeirra voru bæði fatlaðir og ófatlaðir einstaklingar, með og án sérþarfa, sem stunda framhaldsskólanám eða eru í starfsnámi.

Fyrirspurnarþingið var haldið í því skyni að skipuleggjendur þess og aðrir þátttakendur fengju að heyra sjónarmið unga fólksins, og gætu gert sér grein fyrir þeim framförum sem átt hefðu sér stað á þessu sviði í viðkomandi löndum frá árinu 2007. Ungmennin gátu öll bent á mikilvæg atriði sem lýsa því hvernig námi án aðgreiningar er háttað, kostum þess og göllum, því að þau eiga þar hvert og eitt hlut að máli. Í ljósi þess hve oft þau gátu þess í umræðum sínum hve mikilvægt það sé að geta stundað nám án aðgreiningar fer ekki á milli mála að það er sameiginleg skoðun þeirra.



European Agency for Development in Special Needs Education

